

## Foreldraráð Núps - fundargerð

Fundur nr.: 1, skólaárið 2020/2021.

Staður: Fjarfundur á Teams

Dagsetning: 14. okt 2020

Tími kl. 15:30-16:10

Fundarritari: Gunnhildur

Mættir: Svana Kristinsdóttir (s), Gunnhildur (f) Þórhalla Rein (f) og Sigríður (f)

### Það sem kom fram:

1. Umræður um tilgang foreldraráðs.
2. Umræður um Covid: Svana og Bryndís skipta sér í fjarvinnu. Skólanum er skipt upp í sóttvarnarhólf. Yngri gangurinn verða fyrir meiri skerðingu heldur en eldri gangur hvað varðar leiksvæði og svæði fyrir starfsmenn. Lundur fylgir eldri ganginum. Starfsfólki skipt á milli hólfa og enginn samgangur á milli. Foreldrar hafa ekki verið mikið að taka börnin aukalega úr skólanum. Tekið á móti börnum frá 07.30 til 09.00 úti, eftir það fara börnin inn í graut. Það fer að vanta ljósastaura á lóðina. Boltinn liggur hjá Orkuveitunni. Svana hefur verið að ýta á eftir því að fá lýsinguna í lag.
3. Umræður um bílastæði: Svana átti nýlega samskipti við Guðrúnu skólastjóra Lindaskóla um að kennarar Lindaskóla séu að nota bílastæði Núps megin í stað þess að leggja fyrir ofan skólann. Svana ætlar að senda tölvupóst á foreldra og biðja þá um að leggja ekki við hliðið. Það hefur oft vantað lítið uppá að stórslys verði á bílastæðinu.
4. Starfsmannamál skólans eru í góðum farvegi. Vantar ekki starfsfólk og nýlega hafði fagmenntaður fyrrverandi starfsmaður samband og réði sig til starfa frá og með áramótum.
5. Fundað verður fyrsta miðvikudag í mánuði, annan hvern mánuð, næst 02. desember frá 15.30-16.30